



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við guðspjónustu
í Dómkirkjunni í Reykjavík
tileinkaðri Úkraínu**

13. mars 2022

Hvað skal segja þegar við fáum fregnir af innrás, ófriði og ofbeldi úti í heimi? Í landi sem liggur okkur talsvert nærri, liggur í okkar álflu. Væri kannski best að þegja? Væri kannski best að vona að þannig muni ekkert illt henda okkur? Höfum við ekki líka þagað áður eða sagt eitthvað til málamynda, jafnvel helst til að friða eigin samvisku? Og hvað getum við svosem gert, smáþjóð úti á reginhafi, án hers og vopna?

Við búum í hörðum heimi. Manneskjan, þetta magnaða sköpunarverk, getur verið svo óendanlega blíð, hjálpsöm og hugrökk, en stundum líka svo ótrúlega grimmt. Víða um heim ríkir sár neyð, hungur og fátækt kynslóð af kynslóð á meðan annað fólk lifir vel, meira að segja í allsnægtum. Víða um heim geisa átök og hafa lengi gert.

Þetta eru engin tíðindi. Mannseðlið verður áfram samt við sig. Samt skulum við halda í þá von að hið góða sé hinu illa oftast yfirsterkara, þó ekki væri nema vegna þess að merki um það má finna frá alda öðli. Þekktur mannfræðingur var eitt sinn spurður að því hvað hún teldi vera fyrstu merki um menningu meðal mannkyns. Tilhöggur steinar? Mynd á hellisvegg? Örvaroddar? Nei, svaraði hún, það myndi frekar vera ævafornt bein úr manni, lærleggur sem hafði brotnað en verið búið um svo að greri um heilt. Fótbrotin manneskja gat ekki verið hópi fólks að gagni, jafnvel hættuleg með því að hægja á ferð þess. En þarna hafði einhver lagt það á sig að hjálpa þeim sem var hjálpar þurfi. Það var menning, það var mennska.

Og heimur batnandi fer. Ég vona að við missum ekki sjónar á því, þrátt fyrir allt sem að okkur steðjar og við er að etja. Þegar allt kemur til alls hefur þeim fækkað sem þurfa að þjást vegna styrjalda og vondra valdhafa, vegna misskiptingar auðs, vegna vanþekkingar og ofbeldis. Þeim hefur fjölgað sem njóta frelsis og fjölbreytni, lýðræðis og mannréttinda.

Það, kæru landsmenn, er sú þróun sem við eigum að styðja og efla. Já, við erum fá og smá en við getum samt látið rödd okkar heyrast. Það má aldrei vera rödd stríðsæsinga og átaka, en ekki heldur rödd ótta, undirgefni og afstöðuleysis.

Auðvitað er ekki hægt að breyta heiminum í einu vetfangi, allra síst með ákvörðunum og yfirlýsingum á Íslandi. Við megnum ekki að mótmæla öllu óréttlæti hvar sem er og hvenær sem er. Við megum líka vita að við þurfum að eiga samskipti við önnur ríki, jafnvel þótt okkur líki ekki stjórnarfarið þar. Það höfum við gert og það viljum við gera áfram en þær stundir geta komið að stigið er yfir mörk þess sem unnt er að þola. Sú er raunin núna.

Við sitjum hér samstöðumessu með Úkraínu, með fólki þar sem hefur ekkert til saka unnið en sætir nú árásum og þarf að flýja heimili og heimaslóð. Við skulum líka hugsa hlýtt til þeirra Rússa nær og fjær sem vilja frið en ekki stríð og þá minnst ég rússnesks málsháttar sem ég lærði eitt sinn: Ekkert er dýrmætara í heimi hér en sönn vinátta.

Við þá íbúa Íslands, sem eiga rætur í Úkraínu, vil ég því segja að við samborgarar ykkar stöndum með ykkur á neyðarstundu. Við stöndum með öllum sem leita friðar. Við stöndum með þeim sem þurfa að verjast ofbeldi. Við stöndum með þeim sem vilja búa í frjálsu lýðræðissamfélagi. Við skulum eiga þá von að ófriðnum í Úkraínu ljúki senn og við skulum eiga þá von að samstaða okkar stuðli að réttlátum lyktum þar sem nú er barist og varist.

Дякую. Takk fyrir.

Lokaorð á úkraínsku:

Шановні співгромадяни Ісландії, які мають українське коріння!

Ми, ті хто живуть з вами на цьому острові, висловлюємо вам нашу підтримку у ці похмурі дні. Ми стоїмо пліч-о-пліч із усіма, хто шукає миру. Ми виступаємо на стороні всіх, хто мусить чинити опір агресору. Ми солідарні з усіма, хто хоче жити у вільному та демократичному суспільстві. Сподіваймося, що війна в Україні закінчиться. Також маємо надію, що наш прояв солідарності сприятиме справедливому розв'язанню ситуації.